

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 95/2012****2012/EES/50/22****frá 30. apríl 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2012 frá 30. mars 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 983/2010 frá 3. nóvember 2010 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66he (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32010 R 0983**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 983/2010 frá 3. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 286, 4.11.2010, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 983/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 55.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 286, 4.11.2010, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.